

M-47/2009 Álit 2. september 2009

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2009 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-47/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra galla á bifreið sem hún keypti af Y, 22. september 2006. Kröfugerð álitsbeiðanda kemur ekki beint fram í álitsbeiðni en í bréfi lögmanns hennar frá 29. janúar 2008 er gerð krafa um að seljandi greiði áfallinn kostnað við viðgerð á bifreiðinni. Verður að skilja málatilbúnað álitsbeiðanda svo að fyrir kærunefndinni geri hún þá kröfu á hendur seljanda.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Kærunefndin ritaði Y bréf, dags. 22. júní sl., og gaf honum kost á andsvörum við álitsbeiðninni og frest til að skila þeim til 1. júlí. Engin andsvör bárust fyrir þann tíma. Með bréfi, dags. 28. júlí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu. Hinn 17. ágúst óskaði seljandi eftir því að fá að skila andsvörum og var honum heimilað það, skilaði hann þeim sama dag sem hann gerði. Með bréfi, dags. sama dag, var álitsbeiðanda skrifað bréf og henni gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin. Bárust athugasemdir álitsbeiðanda 19. ágúst. Með bréfi, dags. 20. ágúst sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu kærunefndarinnar á nýjan leik.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 22. september 2006, keypti álitsbeiðandi bifreiðina, A, af Y. Kaupverðið var kr. 5.200.000. Í kaupsamningi og afsali er framleiðsluár bifreiðarinnar sagt vera 2005, módelár 2006 og fyrsti skráningardagur 1. janúar 2006. Bifreiðinni hafði þá verið ekið 20.000 km samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi. Álitsbeiðandi segir bílasöluna B hafa haft milligöngu um kaupin. Álitsbeiðandi segir að upp hafi komið framleiðslugalli í bifreiðinni og kostnað við viðgerð á honum hafi hún neyðst til þess að taka á sig.

IV

Andsvör gagnaðila

Seljandi segir álitsbeiðanda aldrei hafa kvartað við sig um galla á bifreiðinni fyrir en 28. janúar 2008, en þá hefðu 16 mánuðir verið liðnir frá sölu bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi bendir á að álitsbeiðandi virðist hafa selt bifreiðina öðrum aðila, þ.e. D, 5. nóvember 2007 og hafi það félag átt bifreiðina í 13 mánuði en álitsbeiðandi hafi þá eignast bifreiðina aftur. Seljandi segir að hann hafi aldrei notað bifreiðina. Fyrirtækið E hafi selt sér hana og hafi hún staðið á stæði bílasölnunnar þar til hún hafi verið seld. Seljandi segist að öðru leyti vísa til bréfs lögmanns síns frá 25. febrúar 2008, sem verður rakið hér á eftir, og kveðst hafna kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segir að fyrirtækið D hafi verið XX og að fullu í eigu sinni. Hún hafi því verið tjónþoli í eigu hvors aðilans bifreiðin hafi annars verið. Seljanda hafi verið fullkunnugt um galla bifreiðarinnar löngu áður en hann hafi fengið formlegt bréf um það. Kvartað hafi verið mánuði eftir að fyrsta viðgerð á bifreiðinni hafi farið fram, bæði hafi hún haft samband við seljanda símleiðis og eins hafi B kvartað fyrir sína hönd. Fleiri kvartanir hafi svo fylgt í kjölfarið eftir því sem ágöllum hafi fjölgað og viðgerðarkostnaður hækkað. Álitsbeiðandi kveðst hafna því að seljandi hafi ekki vitað um gallana fyrir en hann hafi fengið formlegt kvörtunarbréf. Sér sé óviðkomandi hvernig notkun seljanda á bifreiðinni hafi verið háttáð en hún hafi verið alfarið í eigu og ábyrgð seljanda. Álitsbeiðandi kveðst ekki getað sagt til um ástæðu þess að mismunur sé á skráðum viðgerðarkostnaði, þ.e. í bréfi lögmanns hennar frá 29. janúar 2009. Því verði að gilda sem krafa sá kostnaður sem hægt sé að staðfesta með kvittunum frá viðgerðaraðila, þ.e. kr. 535.130.

VI

Úr gögnum málsins

Í gögnum málsins er að finna vottorð F, dags. 26. maí 2008, en þar segir eftirfarandi:

„Bifreiðin A 2006, hefur komið til viðgerðar á verkstæði mínu, F í þrígang vegna bilana sem telja má alvarlegs eðlis þ.e. mjög tímafrekar og kostnaðarsamar viðgerðir.

1. Fyrst kom bíllinn til okkar mjög kraftlaus og var þá texti í mælaborði sem sagði „REDUCE POWER“ þ.e. bílnum var ekki hægt að gefa inn bensín. Niðurstaða úr rannsóknarvinnu leiddi til þess að skipta þurfti um vélartölvu í bílnum.
2. Í annað sinn kom bíllinn vegna þess að loftpúðar í toppi bílsins og strekkjarar í öryggisbeltum höfðu sprungið. Skipt var um loftpúða, öryggisbelti og tölvu fyrir loftpúðakerfið. Ekki var skipt um toppklæðningu, en hún er einnig skemmd eftir að púðarnir sprungu út í toppnum. (klæðningin kostar u.þ.b. 100.000 kr.)
3. Í þriðja sinn kom bíllinn vegna þess að viðvörunarljós (vélarljós) logaði í mælaborði. Kom í ljós að ventill í henni vélarinnar var óþéttur og þurfti að taka henni af, slípa ventla, ventilsæti og ventilstýringar.

Það er öllum ljóst að ef bíllinn hefði verið seldur eiganda af bílaumboði hefðu allar áður taldar bilanir verið bættar eiganda í gegnum verksmiðjuábyrgð. Getu má þess að í bilanalýsingu 3 höfum við fundið á spjallsíðum internetsins, sem tengdar eru þessari ákveðnu bílategund og týpu, að framleiðandi hefur bætt eigendum að fullu þann galla. Það er þó háð þessum venjulegum annmörkum sem tilteknir eru í ábyrgðarskilmálum s.s. aldri, reglubundnu eftirliti og akstri viðkomandi bifreiðar.“

Álitsbeiðninni fylgdi bréf fyrrum lögmanns álitsbeiðanda til seljanda bifreiðarinnar, dags. 29. janúar 2008. Segir þar m.a. annars:

„Málavextir eins og þeir horfa við umbj.m. eru þeir, að með kaupsamningi sem undirritaður var þann 22. september 2006, keypti umbj.m. af yður bifreiðina A, model 2006. Síðan þá hefur umbj.m. ítrekað þurft að leita til verkstæða út af bifreiðinni vegna bilunar í tölvuheila, upptöku á ventlum o.fl. sem umbj.m. sættir sig ekki við í nýrri

bifreið. Telur umbj.m. að hér sé um leynda galla að ræða í bifreiðinni sem þér sem seljandi eigið að bera ábyrgð á. Kostnaður umbj.m. af viðgerðum á þessum göllum nemur í dag kr. 588.272,- sem hún krefur yður til greiðslu á auk lögmannskostnaðar.“

Síðan eru kostnaðarliðir taldir upp í bréfinu og er þar viðgerðarkostnaður sagður vera kr. 663.299 án skýringa á því hvers vegna hann er þar ekki sagður hinn sami og fram kemur fyrir í bréfinu. Lögmaðurinn skorar síðan á seljanda að greiða kröfuna innan 15 daga frá dagsetningu bréfsins.

Framangreindu bréfi svarar lögmaður seljanda með bréfi, dags. 3. mars 2008. Segir þar m.a. eftirfarandi:

„Umbjóðandi minn vill að gefnu tilefni taka fram eftirfarandi:

1. Umbjóðandi yðar, X, hefur aldrei kvartað um neins konar meinta galla eða ágalla á bifreiðinni við umbjóðanda minn, Y.
2. Umrædd kaup áttu sér stað hinn 22. september 2006, en nú fyrst í febrúar 2008 eru hafðar uppi kröfur um bætur vegna meintra galla á umræddri bifreið við umbjóðanda minn. Verður að telja að kröfur umbjóðanda yðar ef einhverjar eru, séu niður fallnar fyrir tómlætissakir.
3. Fullyrðingar um ítrekaðar heimsóknir umbjóðanda yðar á verkstæði vegna bifreiðarinnar kunna að vera réttar en ekki verður séð með hvaða hætti slíkt hefur átt sér stað af bréfi yðar eða gögnum um eigandaskrá og afriti af reikningi G. kr. 16.462.
4. Aðspurður hefur komið fram hjá umbjóðanda mínum, að hann hafi eignast umrædda bifreið eins og réttilega er tilgreint í bréfi yðar, hinn 29. maí 2006 í bílaskiptum. Hafi fyrirtækið E, sem sé bílasala haft milligöngu um sölu og kveðst umbjóðandi minn aldrei hafa keyrt umrædda bifreið en hún hafi staðið á bílasölunni til sölumeðferðar allt frá því hann eignaðist bifreiðina þangað til hún var seld umbjóðanda yðar hinn 27. september 2006. Milligöngu um kaupin hafi E haft og umbjóðandi minn einungis samþykkt umrædda sölu á bifreiðinni.

Í ljósi þess sem að framan greinir eru ekki rök til annars en að hafna kröfu umbjóðanda yðar um meinta galla og skaðabætur.“

Álitsbeiðninni fylgdi vottorð bílsölnnar B, dags. 17. september 2008. Þar segir eftirfarandi:

„Hér með staðfestist að kaupandi bifr. A, X hafi kvartað yfir meintum göllum við bílasölnuna skömmu eftir kaupin á bifreiðinni 22. sept. 2006 og að þeim ábendingum hafi verið komið til seljanda bifreiðarinnar.“

Þeir reikningar og kvittanir fyrir greiðslum sem fylgdu álitsbeiðninni eru samtals að fjárhæð kr. 535.130. Fyrsti reikningurinn er frá G, dags. 24. október 2006 að fjárhæð kr. 16.462 og sýnist vera fyrir skoðun á bilun. Þá er staða ökumælis sögð vera 17.795 km. Næsti reikningur er frá F, dags. 27. desember 2006, að fjárhæð kr. 92.992 og er fyrir heila fyrir innspýtingu og stillingu hans. Þá er staða ökumælis sögð vera 30.459 mílur. Þá er um að ræða ódagsettan reikning fyrir innborgun álitsbeiðanda til F að fjárhæð kr. 111.464. Síðan eru tvær kreditkortakvittanir fyrir greiðslu til F, önnur, dags. 18. október 2007, að fjárhæð kr. 186.035 og hin, dags. 19. nóvember 2007, að fjárhæð kr. 128.177. Fleiri gögn um greiðslur álitsbeiðanda fylgdu ekki beiðninni.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Bifreið sú sem álitseiddandi keypti, A, var ekki orðin árgömul þegar kaupin fóru fram miðað við nýskráningu hennar og aðeins ekin 20 þúsund kílómetra samkvæmt því sem fram kemur í kaupsamningi um hana undirrituðum 22. september 2006. Af þeim reikningum sem lýst er að framan sést að bilana í bifreiðinni fer að gæta í lok október og desember sama ár eða örskömmu eftir að kaupin fóru fram. Þau gögn sem álitseiddandi hefur lagt fram kröfu sinni til stuðnings sýna að viðgerðir á bilunum hafa einnig verið framkvæmdar á árinu 2007, en síðasta skjalið þar að lútandi er greiðslukvittun, dags. 19. nóvember 2007. Lýsing á bilunum þessum kemur fram í vottorði fyrirtækisins F sem rakið er hér að framan.

Aðilar eru ekki á eitt sáttir um það hvernig og hvenær álitseiddandi kvartaði við seljanda um galla á bifreiðinni. Álitseiddandi kveðst hafa kvartað símleiðis við seljanda eftir að fyrsta viðgerð á bifreiðinni hafði verið framkvæmd, en G framkvæmir skoðun á bifreiðinni 24. október 2006 og F gerir við hana 27. desember s.á., en þá er miðað við dagsetningu reikninganna. Álitseiddandi segist hafa kvartað við seljanda jafnóðum og gallar hafi komið í ljós. Þá segir álitseiddandi að bílasalan B hafi komið kvörtunum á framfæri við seljanda fyrir sína hönd og er það staðfest með vottorði bílasölnunnar sem að framan er rakið. Þessu mótmælir seljandi og segist fyrst hafa fengið að vita um að álitseiddandi teldi bifreiðina gallaða 28. janúar 2008 og á þá væntanlega við bréf lögmanns hennar sem dagsett er 29. janúar 2008.

Kærunefndin telur að byggja megi á því að álitseiddandi hafi komið á framfæri kvörtunum við seljanda í samræmi við ákvæði 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, sbr. vottorð bílasölnunnar B, sem getið er um í kafla III hér að framan. Auk þess krafði fyrrum lögmaður álitseiddanda seljanda um greiðslu skaðabóta í bréfi, dags. 29. janúar 2008, eða innan 2 ára frestsins sem tilgreindur er í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000.

Kærunefndin álitur að það breyti ekki réttarstöðu álitseiddanda gagnvart seljanda þótt einkahlutafélag hennar hafi á tímabilinu frá 5. nóvember 2007 til 11. desember 2008 verið skráður eigandi bifreiðarinnar. Leiðir það m.a. af ákvæðum 84. gr. laga nr. 50/2000.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni segir í prentuðum texta eftirfarandi:

„Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum.“

Í 19. gr. laga nr. 50/2000 eru ákvæði sem eiga við þegar hlutur er seldur „í því ástandi sem hann er.“ Segir þar í c-lið að söluhlutur sé gallaður ef ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefndin álitur að álitseiddandi hafi ekki haft ástæðu til að ætla að þær bilanir sem álitseiddnin nær til gætu komið fram í svo nýlegri bifreið eins og sú bifreið var sem hún keypti, sbr. framangreint lagaákvæði, og ekkert er komið fram um það að gallar þeir sem voru á bifreiðinni hafi mátt sjá við skoðun þegar kaupin fóru fram.

Í 1. málslíð 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 segir eftirfarandi:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.“

Í 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000 segir að kaupandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut, nema seljandinn sanni að þá megi rekja til hindrana þeirra sem nefndar eru í 27. gr. laganna. Það er álit kærunefndarinnar samkvæmt framansögðu að seljandi beri ábyrgð á þeim göllum sem á bifreiðinni voru og eigi að greiða álitsbeiðanda skaðabætur vegna þeirra. Rétt er að taka fram að ekki skiptir máli um ábyrgð seljanda hvort hann notaði bifreiðina meðan eignarhald hans stóð eða ekki.

Við ákvörðun bóta ber að líta til þess að álitsbeiðandi hefur ekki leitt í ljós fyrir kærunefndinni að hún hafi greitt hærri fjárhæð en kr. 535.130 í viðgerðarkostnað, enda miðar hún kröfu sína við þá fjárhæð í þeim athugasemdum við andsvör seljanda sem hún sendi kærunefndinni. Ekki verður komist hjá því, þótt bifreiðin hafi verið nýleg, að líta til þess að nýtt kom í stað notaðs við viðgerðina. Með þetta í huga er það álit kærunefndarinnar að hæfilegar bætur sem seljandi greiði álitsbeiðanda séu kr. 500.000.

Rétt er að vekja athygli á því að með áliti þessu er ekki tekin afstaða til þess hvern rétt seljandi bifreiðarinnar kann að eiga á hendur þeim sem hann keypti bifreiðina af.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 500.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

